

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 5. október 2017  
Tilvísun: FMS1709026 / 05.00

## **Efni: Umsögn um deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingu, nýtt tengivirki í Öräfum.**

Með tölvupósti dagsett 30. ágúst 2017 barst Ferðamálastofu til umsagnar deiliskipulags- og aðalskipulagsbreyting nýtt tengivirki í Öräfum. Aðalskipulagsbreytingin felst í því að landnotkun er breytt úr landbúnaði í iðnaðarsvæði. Deiliskipulagið nær til um 1.6ha landspildu í landi Hnappavalla 2 skammt austan Hólár. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits og aðkomuvegar að aðveitustöð á um 0,5 ha lóð.

### **Umsögn:**


Ferðamálastofa hvetur til þess að hugað sé að samræmi í aðalskipulagi Hornarfjarðar, eins og það kemur fram á bls. 27 í tengslum við ferðapjónustuna: „Áhersla er lögð á að á helstu áfangastöðum í fjallendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meiriháttar uppbygging, gistiþjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn“. Ferðamálastofa telur að það sama eigi að gilda fyrir iðnaðarsvæði til sveita. Ferðamálastofa telur það mikilvægt að uppbyggingar tengist annarri byggð en ekki út á miðjum sandi eins og fyrirhugað er að gera. Á fyrirhuguðu svæði er landið frekar flatlent og erfitt verður að fella aðveitustöðina inn í landslagið. Þó að svæðið sem um ræðir sé raskað að hluta þá er það hin sjónrænu áhrif þessarar uppbyggingar sem munu raska ásýnd þess enn frekar og haft neikvæð áhrif á ferðamennsku.

Velta má því upp hvort ekki væri hægt að finna hentugri stað annan en nefndur er sem valkostur þar sem sjónrænu áhrifin yrðu ekki eins mikil.

### **Forsendur umsagnar:**

Forsendur Ferðamálastofu: Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðapjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðapjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins en skv. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar um 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðapjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Virðingarfyllt,

  
Guðrún Dóra Brynjólfsson, sérfræðingur Ferðamálastofu.

